

2. tbl. 30. árg. júní 2016

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga

sik.is



KRISTNIÐOÐSMÓT Á LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI 15.-17. JÚLÍ 2016.

DAGSKRÁ:

Föstudagur 15. júlí

Kl. 21.00 Upphafssamkoma í umsjón Norðanmanna. Hugleiðing: sr. Jón Ómar Gunnarsson.

Laugardagur 16. júlí.

Kl. 10.00 Biblíulestur, Skúli Svavarsson.
Kl. 11.00 Umræður í hópum.
Kl. 17.00 Kristniboðssamvera. Þóra Harðardóttir, sr. Ólafur Jóhannsson, Ingi-
björg Ingvarsdóttir og Jónas Þórisson
sýna og myndir og segja frá dvöl sinni í
Eþíópíu sl. vetur.

Kl. 21.00 Vitnisburðar- og bænasa-
koma, í umsjón Kristniboðsfélags karla í
Reykjavík.

Sunnudagur. 17. Júlí.

Kl. 11.00 Guðsþjónusta í Miklabæjar-
kirkju sr. Dalla Þórðardóttir þjónar fyrir
altari og sr. Ólafur Jóhannsson prédikar.
Kl. 14.00 Kveðjusamkoma. Haraldur
Jóhannsson talar.

Skráning fer fram á Löngumýri í síma
453 8116. Frekari upplýsingar um mótið
fást á skrifstofu Kristniboðssambands-
ins, Háaleitisbraut 58-60, sími 533 4900.



bjarmi
TÍMARIT UM KRISTNA TRÚ



inter.

Hvalur hf.



KRISTNIÐOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekkjur o.fl.

Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári. Áskrift er ókeypis. Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniboðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir. Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um. Útlit og uppsetningu annast Hermann Ingi Ragnarsson.

Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju. Útgefandi er Samband Íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík. Sími: 5334900.

Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: <http://sik.is>

Formaður Kristniboðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

HVAÐ ER KRISTNIÐOÐ?

Kristniboðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniboðar starfa í Afrikulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru. Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu. Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

FJÁRMÖGNUN

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks. Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp á tæpar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins!

Á MEÐAN SHAKAÐ ER Í SKOLTINUM

HUGVEKJUNA Í BLAÐIÐ SKRIFAR
PÉTUR ÞORSTEINSSON PRESTUR Í
ÓHÁÐA SÖFNUÐINUM Í REYKJAVÍK.

Alla morgna og öll kvöld tannbursta flestir sig. Ekki beint nein skemmtistund, en þennan tíma má nota hins vegar til þess að leggja daginn í Drottins dýrðar hendur. Tekur um stundarþrúgastaung hjá mér að gera það og þennan tíma nýti ég til þess að lesa yfir þetta dagatal, sem ég kaupi frá Danmörku til styrktar kristniðóði þar.

Á hverjum degi þarf að rífa af dagatalinu og þess vegna er kjörið að nýta tímann á meðan verið er að skaka í skoltinum. Lesa bæði Ritningarversin – annað úr Fyrirheftisfræðunum og hitt úr Seinna. Eru síðan útlekkingar sínhvoru megin á dagatalsmiðanum, og sagt frá einhverju starfi á vegum kristniðóðsins út um allan heim – neðst á bakhliðinni.

Oft er þetta eini lestur dagsins, en þó staðfastlega á hverjum morgni, því rífa þarf af dagatalinu daglega.

Þessir dagatalsmiðar fara hins vegar alls ekki í endurvinnslukassann á prestssetrinu. Heldur set ég miðana í rassvasann eftir lesturinn áður en farið er út í Bestubæjarlaugina í Húnahópin, sem er minna en mínúta frá Hagamel Helming Hundraðs. Þessum miðum dreifi ég vítt og breytt um bæinn á för minni yfir daginn. Stundum í Mammosmusterinu,

hjá kassakrökkunum í Melbúðinni eða Krónunni, í póstkassa í stigagöngum eða hjá fyrirtækjum eða hvar annars staðar sem verið er á ferðinni, á afgreiðsluborði eða móttöku. Stundum myndast umræður um innihald Ritningarversanna, dönskuna eða útlekkinguna, sem þetta fólk hefði ekki annars haft tækifæri á að gera eða leiða hugann að Guði og Orði hans.

Pannig á maður að vera síauðugur í verki Drottins, dreifa Orðinu út um víðan völl.

Í Óháða söfnuðinn berst stundum eitthvert lesefni frá kristilegum samtökum eða starfi, og þar er ekki heldur endurvinnslukassinn notaður. Heldur tek ég það með mér og dreifi því í póstkassa. Kristniðóðsféttir hefi ég stundum tekið og deift í fjölbýlishúsum í nágrenni við mig. Alla veganna vita íbúar í Bongótrommublokkinni beint á móti mér um kristniðóð og kristilegt starf, þar sem þeir hafa fengið af og til Kristniðóðsfréttir í fast að 15 árum í póstkassann hjá sér.

Meira að segja í Rúgbrauðsgerðinni brosir litla Kínakellingin á dagatalinu 2016 á móti öllum, sem koma í það fjölfarna, hús þar sem hún er enn í gegnsæja póstkassanum, og enginn hefur vitjað um í nokkra mánuði.

Þess vegna endilega að láta endurvinnsluna ekki fá kristileg rit beint, heldur í gegnum póstkassa náungans, bankans,

búðarinnar eða hvar annars staðar, sem þið eigið leið um. Þá eruð þið kristniðóðar og dreifið boðskapnum á ódýran og endurvinnanalegan hátt, þar sem maður veit aldrei, hvenær orðið hittir viðkomandi í haus, heila, huga eða hjarta þess, sem les.

*Höfundur er æskulýðsfulltrúi
á Elliheimilinu Grund.*

Ef einhver skilur ekki alveg öll orðin í þessari stuttu grein, þá geta menn keypt Péttrísk - Íslenska orðabók til þess að skilja betur, og styrkja jafnhliða stafsemi Kristilegs félags heilbrigðisstétta.



ENN VEX STARFIÐ Í KONSÓ — 85 SÖFNUÐIR

Í janúar sl. fórum við hjónin til Eþíópíu til 3 mánaðar dvalar í Konsó. Eftir nokkra daga í Addis Abeba við útréttingar og töluvert bras við að fá ökuskríteinið endurnýjað héldum við „heim“ til Konsó. Þar var tekið vel á móti okkur eins og við var að búast og við komum okkur fyrir í litlu húsi sem upphaflega hafði verið byggt til að hýsa hjúkrunarkonuna Elsu Jakobsen frá Færeyjum en hún starfaði í fjölda mörg ár á sjúkraskýlinu í Konsó og vann þar ómetanlegt starf.

Við vorum varla búin að tæma bílinn þegar Kusse safnaðarleiðtoginn í Konsó spurði hvort við værum ekki til í að fara með honum daginn eftir út í hérað til Kambere, sem er svæði vestur af Konsóbæ, en þar ætti formlega að stofna nýjan söfnuð. Við vorum hálf þreytt eftir ferðina frá Addis svo ég spurði Kusse hvort langt væri til Kambere og hvort við gætum keyrt alla leið. Hann brosti sínu blíðasta og svaraði. „Við keyrum í einn tíma og svo göngum við síðasta spölinn“. „Og hvað erum við lengi að ganga þangað“, spurði ég. Enn brosti Kusse og svaraði: „Ég veit það ekki því ég hef aldrei komið þangað en heimamenn segja að það taki 20 mínútur.“ „Já, 20 mínútur fyrir innfædda“, svaraði ég, „er minnst 1 tími fyrir grænjaxla eins og okkur nýkomna frá Íslandi. Ef þú sérð til þess að við komumst fram og til baka þá förum við með þér.“ Kusse kinkaði kolli og þá var ákveðið að við færum af stað kl. 8 morguninn eftir.

Vegurinn eða öllu heldur vegleysan reyndi mjög á bílinn en áfram hélt hann þó og eftir klukkutíma akstur komum við að kirkjunni í Láva en þar hefur verið öflugt starf í mörg ár.

Við skildum bílinn þar eftir og héldum áfram gangandi niður og upp hæðir og hóla þar til við komumst á leiðarenda. Í Kambere var vel tekið á móti okkur með „volgrí“ kók og vatni. Það var gott að geta sest niður, kasta mæðinni og hvíla lúin bein áður en hátíðarsamkoman byrjaði.

Margt var um manninn og sumir komnir langt að til að gleðjast með



heimamönnum. Kröftugur söngur ómaði og barst út yfir bæ og byggð og gleðin skein úr andliti margra. 5 prestar frá nærliggjandi héruðum tóku þátt í athöfninni ásamt Kusse og mér. Er henni lauk 3 tímum síðar voru söfnuðirnir í Konsó orðnir 85. Síðan var öllum boðið til veislu að hætti Konsómanna. Tíminn leið hratt og senn var komið að því að leggja af stað heim á leið. Sólin var hátt á lofti og hitinn því næst óbærilegur fyrir okkur sem vorum nýkomin úr kulda og snjó á Íslandi. Við sáum strax að ferðin upp brekkurnar yrði okkur erfið því ekki voru margir staðir þar sem hægt væri að leita í skugga og hvíla sig. Er við hófum heimferðina komu fjórir ungir og hraustir menn til okkar en þeim hafði verið falið það verkefni að fylgja gamla manninum og konu hans upp brekkurnar. Þeir gengu hvor sínu megin við mig með uppspennta regnhlíf til að mynda skugga og tilbúnir að grípa mig ef ég steytti fót minn við steini. Þeir virtust hafa minni áhyggjur af Ingibjörgu en mér og hún varð að bjarga sér sjálf þar til síðasta spölinn en þá sá Kusse til þess að hún fengi einnig aðstoð frá fylgdarliði okkar. Það tók okkur 2 tíma að komast að bílnum aftur, þreytt og útkeyrð.

Að fara inn í bílinn var eins og eins og að fara inn í gufubað. Svo mikill var hitinn að ég gat ekki í fyrstu snert stýrið berum höndum. Með gætni tókst mér að snúa bílnum við á þröngum stígnum og



haldið var heim á leið. Þreytt en þakklát yfir því að hafa fengið að taka þátt í að stofna 85. söfnuðinn í Konsó lauk ferðinni fyrir framan Elsu og gott var að svara þorsta sínum með kók og appelsín er inn var komið. Þegar Kusse kvaddi brosandinn hans var von og vísa sagði hann. „Um næstu helgi förum við til Kolme.“

*Ingibjörg Ingvarsdóttir
og Jónas Þórisson*

BORÐBÆN Á ÍSLENSKU Í JAPAN

Karítas Hrundar Pálsdóttir, sem þetta skólaárið stundar nám í japönsku við Waseda háskóla í Tókýó, segir hér frá heim-sókn sinni til Leifs og Katsuko kristniðóða á Rokkóeyju í Japan um páskana.

Pegar ég steig fyrst fæti á Rokkóeyju leið mér eins og ég hefði tekið rússíbana inn í framtíðina. Rokkóeyja er manngerð ferhyrnd eyja, einskonar framlenging af borginni Kobe. Til að komast þangað þurfti ég að taka lest sem rann eftir háreistri braut. Það var eitthvað við eyjuna, ef til vill kassalaga götuskipulagið, snyrtilegu nýlegu húsin og hreinu breiðu göturnar, sem virkaði ögn gervilegt og olli því að mér fannst ég vera stödd í framtíðar bæ.

Áður en ég kom til Rokkóeyju hafði ég verið á ferðalagi um Japan með vinkonu minni úr skólanum. Á þessu flakki okkar þótti mér tilvalið að athuga hvort við mættum halda upp á páskana með Leifi og fjölskyldu. Á síðasta ári var Leifur ræðumaður á KSF fundi og talaði um dvöl sína í Japan. Pegar ég var sjálf komin til Japans rifjaðist frásögn hans upp fyrir mér og ég varð forvitin að heimsækja söfnuðinn sem hann starfar hjá á Rokkóeyju.

Leifur og fjölskylda hans tóku mér og vinkonu minni opnum örmum. Mér fannst ég nánast komin heim þegar við sátum við kvöldverðarborðið og fórum saman með borðbæn á íslensku. Ég naut þess einnig að sitja í rauða sófanum þeirra en á heimavistinni minni í Tókýó er enginn sófi. Sófar eru hér ekki á hverju strái. Án þess að taka eftir því var ég farin að hegða mér eins og heima, leika við krakkana á íslensku, borða með hnífapörum í stað þrjóna og klára setningar vinkonu minnar af einskærri spennu yfir því að segja frá ævintýrum okkar. Hún skildi ekkert í þessari skyndilegu breytingu á hegðun minni.

Á föstudaginn langa var fámenn en notaleg stund í kirkjunni sem er í næsta húsi við heimili Leifs og Katsuko. Það var góð tilfinningin að geta tekið undir sönginn en fyrsta sálminn þekkti ég úr kirkjunni minni í Tókýó. Við sátum hringinn í

kringum langborð og kirkjugestir skiptust á að lesa upphátt úr píslarsögu Krists eins og um biblíuleshóp væri að ræða. Að lokum var óformleg altarisganga þar sem oblátur og messuvín var látið ganga hringinn.

Páskadagur var góður dagur en hátíðarhöldin í kirkjunni hófust á sunnudagaskóla. Þangað mættu fimm börn auk þriggja barna þeirra Leifs og Katsuko. Þrátt fyrir að söngvarnir væru rólegir náðu börnin og aðstandendur þeirra að tjá mikla gleði í gegnum þá. Kona úr söfnuðinum stjórnaði hreyfingum við söngvana á japönsku táknmáli. Börnin fóru síðan í páskaeggjaleit. Auk þess gaf ég þeim íslensk páskaegg sem mér höfðu verið send að heiman.

Það var gaman að sjá hve páska-messan var fjölmenn, þó ungmennin væru ekki mörg, en þangað mættu um fjörutíu manns. Safnaðarmeðlimi skorti ekki tónlistarhæfileika en píanisti lék undir sönginn, menntuð söngkona söng einsöng og kirkjukórinn flutti nokkur lög. Eftir messuna ríkti mikil gleði. Haldið var Pálinuboð þar sem allir komu með eitthvað matarkyns og lögðu á sameiginlegt hlaðborð. Það var borðað, spjallað og hlegið. Þetta minnti mig á hvernig jólnum var fagnað í kirkjunni minni í Tókýó. Eftir það hjálpuðust allir við að vaska upp, taka til og ryksuga kirkjuna. Að því loknu fóru flestir heim. Þeir sem eftir voru óku saman upp á fjall þar sem kirkjugarðurinn er.

Kirkjugarðsstundin hófst á stuttu ávarpi prestsins. Eftir það sungum við og jusum vatni yfir marmarasteins-leiði safnaðarins. Blómin af altari kirkjunnar höfðu verið tekin með og voru sett í vasa við leiðið. Á nálægum búddista leiðum var einnig mikið af litríkum afskornum blómum. Þar sem ég stóð í kirkjugarðinum var mér hugsað til sálms Helga Hálf-dánarsonar:

Dauðinn dó, en lífið lifir,
lífs og friðar sólin skær
ljómar dauðadölum yfir,

dauðinn oss ei grandað fær,
lífið sanna sálum manna
sigurskjöld mót dauða ljær.

Þennan dag var vor í lofti. Fyrstu kirsu-berjatrén voru farin að blómstra, sólin skein og tákn vonarinnar umvöfðu okkur. Ég er þakklát Leifi og Katsuko fyrir að taka svona vel á móti okkur og Guði fyrir páska sem voru skemmtilega ólíkir því sem ég er vön.



Kobe og Rokkóeyja séð frá toppi Rokkófjalls.



Vor í lofti.



Íslensku páskaegginn vöktu lukku.



Kirkjugarðsheimsókn á páskadag.

ÞEIR VILJA SAMSTARF

VIÐ HJÓNIN FENGUM ENN EITT TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ FARA TIL STARFA Í KENÍU OG ÞÖKKUM GUÐI FYRIR ÞAÐ. Í ÞETTA SKIPTI VORUM VIÐ Í SEX VIKUR.

Það var bæði uppörvandi og trúarstyrkjandi að koma til Pókot. Fagnaðarerindið gerir kraftaverk. Það eru 38 ár síðan íslenska og norska kristniþoðið sendi sína fyrstu kristniþoða til Pókot til að hefja kristniþoð. Nú eru þar 250 kristnir söfnuðir og enn vex starfið. Þeir sem áður voru vonlausir og guðvana hafa eignast von um eilíft líf. Þeir sem lifðu í stöðugum ótta við andaverur vonskunnar í himingeimnum hafa nú öðlast frið. Það er stórkostlegt að hafa fengið að taka þátt í að flytja þeim sem voru hráðir og umkomulausir fagnaðarerindið sem frelsar. Kæru kristniþoðsvinir, þetta er ykkar starf. Þið hlýðnuðust kalli Guðs og senduð fagnaðarerindið til Pókot og Guð gaf vöxt.

Kirkjan í Pókot sem er ávöxtur hlýðni ykkar er orðin öflug og starfar nú ekki aðeins á meðal Pókotþjóðflokksins. Núna nær starfið til fimm nágrannapjóðflokka Pókotmanna. Það er því ekki lengur hægt að kalla þetta starfið í Pókot. Nú nefnist það Norðvestur biskupsdæmi lúthersku kirkjunnar í Keníu.

Kristniþoðsá hugi er mikill á meðal þeirra sem eignast hafa trúna á Jesú. Kæreikur Krist knýr þá til að fara til þeirra sem ekki hafa heyrt fagnaðarerindið og vitna fyrir þeim. Þannig er lífið í lifandi kirkju. Þeir sem hafa reynt mátt fagnaðarerindisins gleðjast yfir því að fá að veita öðrum hlutdeild í því sem þeir hafa upplifað. „Jesús segir: „Frá hjarta þess sem trúir á mig munu renna lækir lifandi vatns, eins og ritningin segir.“ Parna átti hann við andann er þau skyldu hljóta sem á hann trúa“ (Jóh. 7:38-39). Það er svo augljóst í lífi hinna kristnu hvernig vitnisburðurinn um Jesú rennur eins og lækur frá hjörtum þeirra.

Það var ánægjulegt að sjá unga fólkið í söfnuðunum fara í boðunarferðir og syngja og vitna um Jesú fyrir þeim sem ekki þekkja hann. Þannig breiðist fagnaðarerindið út og Guðs ríki vex. Það sem er að gerast í Norðvestur biskupsdæmi kirkjunnar minnir mikið á það sem við lesum um í Postulasögunni.

Kirkjan biður kristniþoðsvini á Íslandi að vinna með sér að því að boða þeim, sem ekki þekkja Jesú, fagnaðarerindið. Aftur og aftur minntu leiðtogar kirkjunnar okkur á að við mættum ekki gleyma þeim. Þeir vilja samstarf. Það er ánægja og blessun að fá að vera í samstarfi við lifandi kirkju.

Leiðtogum kirkjunnar berst stöðugt ákall um að senda boðbera fagnaðarerindisins til nýrra svæða. Þeir nefndu 15 svæði sem óska eftir boðunarstarfi. Þetta eru staðir þar sem fólkið hefur ekki heyrt um Guð og hjálpráð hans. Á mörgum þessarra svæða biður bæði fólkið og yfirvöld kirkjuna um að senda til þeirra boðbera fagnaðarerindisins. Mikil breyting hefur orðið í lífi þeirra sem eignast hafa lifandi trú á Jesú. Breytingin er ekki bara sýnileg í lífi einstaklinganna sem trúa. Hún er líka augljós í daglegum kjörum, hugsanagangi og samskiptum þeirra sem kristnir eru.

Aðalverkefni okkar að þessu sinni var að kenna á prédikaranámskeiðum sem haldin eru á Biblíumiðstöð kirkjunnar í Kapengúría. Í febrúar útskrifuðust 16 djáknar og 18 prédikarar eftir fjögurra ára nám í skólanum. Þau eru öll fús að fara sem kristniþoðar til nýju svæðanna ef einhver getur sent þau. Það kostar um það bil 20 þúsund krónur á mánuði að senda innlendan kristniþoða til nýju svæðanna.

42 nýir nemendur hófu fjögurra ára djákna- og prédikaranám í janúar. Kæru kristniþoðsvinir við viljum minna ykkur á að biðja fyrir nýju nemendunum og fyrir þeim sem nú eru tilbúnir til starfa.

Kjellrun Langdal og Skúli Svavarsson



FRJÁLS HUGSUN OG TRÚ

KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ STYÐUR
KRISTILEGU SJÓNVARPSSTÖÐINA
SAT-7 MEÐ ÁRLEGU FJÁRFRAMLAGI.

„Sé sannleikurinn fyrsta fórnarlamb stríðsátaka þá má það undrum sæta að enn sé starfandi í Mið-Austurlöndum sjónvarpsstöð sem boðar fagnaðarerindið.“ Svo mælti Dr. Terence Ascott stofnandi og formaður stjórnar Sat-7, í tilefni dags frjálsrar blaðamennsku, 3. maí sl. og bætti svo við:

„Sat-7 þakkar fyrir að mega vera á meðal þeirra sem boða fagnaðarerindið og hvetja með því til sátta manna á meðal. Með dagskrá sinni tekur stöðin upp hanskann fyrir þjóðernistengda- og trúarlega minnihlutahópa á svæðinu. Konur og börn eiga einnig oft undir högg að sækja, Sat-7 styður og hvetur til jafnréttis.“

Sú einarða afstaða Sat-7 að vera rödd þeirra sem annars aldrei heyrir er sérstaklega mikilvæg þar sem víðtækar hömlur hafa verið settar á starfsemi fjölmiðla. Samkvæmt alþjóðlegum samtökum blaðamanna eru það löndin í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum sem koma verst út í könnunum um frelsi blaðamanna til fréttaflutnings. Aðeins í Túnis hafa einhverjar umbætur þessu lútandi orðið. Sýrland er nú á dögum hættulegasta land veraldar fyrir fjölmiðlamenn. Síðastliðin misseri hafa margir fréttamenn verið myrtir þar fyrir það eitt að vilja flytja fréttir. Með sendingum í gegnum

gervihnött kemst Sat-7 framhjá hindrunum og ritskoðun yfirvalda í hverju landi. Einnig gengur betur að koma ólíkum sjónarmiðum að þegar fjölbreytt málefni eru rædd.

Fólk af ólíkum uppruna er líklegra til að hlusta og horfa þegar ólíkar skoðanir koma fram. Margir þættir á Sat-7 hvetja áhorfendur til að hringja og tjá sig. Íranskir og sádí-arabískir áhorfendur hafa sérstaklega lýst ánægju sinni með þá virðingu og hófstíllu nálgun sem skoðunum þeirra er sýnd.

Yfirmaður upptökuvers Sat-7 í Egyptalandi, Farid Samir, segir: „Við skírskotum ekki bara til hinna kristnu heldur viljum við með sprengikraft fagnaðarerindisins ná til nýrra, fá fólk til að hugsa og skoða sjálft sig, trúna og samband sitt við Guð.“

VON OG VONBRIGÐI

Þrá fólks eftir meira frjálsræði var á meðal þess sem hratt af stað hinu svokallaða arabíska vori. En þrátt fyrir ýmsar breytingar í kjölfar þess, sumar góðar og aðrar slæmar, þá er staðan lítið breytt.

Yfirmaður arabískrar dagskrárgerðar Sat-7, George Makeen lét hafa eftir sér: „Fólk vill aukið frelsi en tekst ekki að koma því á.“

George stýrir m.a. framleiðslu þáttarins *Bridges* (e. Brýr milli menningarheima) þar sem rædd eru málefni liðandi stundar. Í þætti nýverið ræddu gestir sögu lýðræðis og merkingu þess fyrir Mið-Austurlönd; einnig voru ræddar hugsanlegar ástæður þess að oft virðast



rótgróin lýðræðisríki á Vesturlöndum sýna stjórnvöldum þekktra einræðisríkja almennan og víðtækan stuðning.

Í öðrum þætti sem ber heitið *Needle and Thread* (e. Nál og þráður) var nýverið fjallað um fordóma sem fólk frá Súdan verður fyrir í Egyptalandi, en þangað flytjast margir í leit að vinnu. Í þættinum var tekin fyrir sorgleg saga ungrar konu sem lét engan ósnortinn. Þátturinn vakti athygli um allt Egyptaland og hófust löngu tímabærar umræður um kynþáttahatur og vandmál því tengdu í landinu.

Kristin trú gegnsýrir alla dagskrá og framleiðslu Sat-7. Á stórum svæðum hafa menn engin önnur tækifæri til að heyra um Jesú en í gegnum fjölbreytta dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar. Stöðin veitir kirkjum í hverju landi fyrir sig tækifæri til að miðla fagnaðarerindinu til þjóðar sinnar og sýna í orði og verki kærleikann sem Jesús kallar okkur til.

(Heimild: Sat7.org)

STARFSFERÐ TIL ÓMÓ RATE

Kristniboðarnir Karl Jónas Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir halda til Eþíópíu í tæpa tvo mánuði, nú í júní og júlí, til þess að fylgja eftir starfinu í Ómó Rate í Suður-Eþíópíu. Tilgangurinn er ekki síst að efla lestrarverkefnið sem fór vel af

stað fyrir nokkrum árum en hefur gengið illa síðasta ár þrátt fyrir löngun fólks til að læra að lesa. Ætlunin er að hvetja og hjálpa leiðbeinendum verkefnisins til að fara aftur af stað og halda út til lengri tíma.



ÉG ER KOMINN HEIM...

Er sungið í dægurlagi sem Óðinn Valdimarsson gerði vinsælt árið 1960 og hefur skotið upp á stjörnuhimininn aftur nú m.a. þegar fjölmennir stuðningsmenn íslenska landsliðsins í körfubolta sungu lagið fullum hálsi á Evrópumótinu s.l. haust. Þessi söngur átti líka vel við okkur sem ferðumst til Eþíópíu um síðustu jól, mörg okkar höfðum búið í landinu í mörg ár og fannst við vera að koma heim. En tilgangur ferðarinnar var ekki bara að fara heim, heldur líka að kynna land og þjóð fyrir „fylgifiskum“ sem bæst höfðu við fjölskylduna eftir að við fórum að heiman.

Við vorum sem sagt átta manna hópur, fimm sem tilheyrum sömu fjölskyldunni, Bjarni og Elísabet og þrír synir, Elías, Markús og Birkir sem höfðum búið og starfað í Eþíópíu 1993-1998 og 2002-2005. En nú höfðu sem sagt bæst við „fylgifiskar“, Hildur eiginkona Elíasar, Heiðbjört kærasta Markúsar og Gríma kærasta Birkis.

MANSTU

„Manstu eftir þessu, hérna lékum við okkur oft, lóðin er minni en mig minnti, það er frábært að vera kominn hingað aftur, oo hvað ég elska hitann“, eru setningar sem heyrðust oft en einu sinni frá strákunum. Það heyrðust líka athugasemdir frá stelpunum eins og: „Þetta er nú ekki alveg eins og þú lýstir þessu, ég get nú ekki séð eins mörg hættuleg dýr og þú hélt fram, hvar eru öll ljónin sem þið voruð alltaf að tala um? Við verðum að fá að sjá flóðhesta, af hverju er svona heitt? Nú getið þið ekki logið eins miklu að okkur, nú vitum við betur.“

Það var dýrmætt fyrir strákana að fá að gista í sömu herbergjum og þeir dvöldu í þegar þeir bjuggu á heimavist norska skólans í Addis Abeba, höfuðborgar Eþíópíu. Húsið sem áður var heimavist er nú gestahús. Húshjálpirnar sem höfðu sinnt þeim áður, en unnu nú á gestahúsinu, fengu innilegt faðmlag og rifjuðu upp gamla tíma. Okkar bestu

vinir í Addis, „Zebanja“ eða verðirnir við hliðið tóku líka mjög vel á móti okkur og rifjuðu upp prakkarastrik strákanna við hlátrasköll okkar allra. Þegar maður kemur heim mætir maður faðmlagi fólks sem manni þykir vænt um. Það er yndislegt.

Við héldum jól í 38 stiga hita í Ómó Rate í Suðvestur-Eþíópíu þar sem við bjuggum og störfuðum síðast. Starf Kristniboðssambandsins í Ómó Rate hófst fyrir meira en 20 árum síðan. Þar voru reistar litlar heilsugæslustöðvar, sem yfirvöld hafa nú tekið yfir, stuðlað var að menntun stúlkna og lestrarkennslu komið á laggirnar. Nokkrir predikarar eru að störfum og Guðs orð boðað á meðal Dasenetsmanna sem eru hálfhirðingjar sem búa á víðáttumiklum sléttum við Ómó-ána. Þar mætti okkur líka kunnugleg andlit og faðmlögin urðu mörg. „Af hverju fóruð þið héðan? Af hverju komið þið ekki aftur?“ eru setningar sem enn óma í huga okkar.

KONSÓ

Konsó á alltaf stóran sess í hjarta okkar, ekki síst Bjarna sem fæddist þar og ólst upp. Heimsókn okkar þangað varð reyndar í styttra lagi þar sem veikindi innan hópsins varð til þess að för var flýtt á hótél í næsta bæ með betri hreinlætisaðstöðu. En móttökurnar á kristniboðslóðinni í Konsó voru einstakar, veislumatur matreiddur af Ossje sem hefur verið viðloðandi alla kristniboða sem hafa starfað í Konsó síðustu 40 ár. Brosandi og hress eins og alltaf. „Við eigum Íslendingum og kristniboðsvinum mikið að þakka“ sagði Kússe, stöðvarstjóri. „Fyrir meira en 60 árum færðu þeir okkur ljós Guðs inn í það myrkur sem hér ríkti, byrjuðu skólastarf og reistu sjúkraskýli. Við erum enn að njóta ávaxtanna af þessu starfi.“

Á leið okkar til Addis urðum við að verða við kröfunni um að fá að sjá flóðhesta, stoppuðum í bæ sem heitir Sway, skróngluðumst upp í bátsskrjóð og sáu nokkur flóðhestaeyru og smá parta af höfðum þeirra en þeir höfðu enga sér-

staka þörf fyrir að sýna sig, vildu frekar vera í kafi. En við sáu samt flóðhesta, ljósmyndir af flóðhestaeyrum staðfesta það!

Þar sem maður opnar hjarta sitt og hleypir öðrum inn þar á maður heima. Þess vegna vorum við líka að koma heim þegar við lentum á Keflavíkurflugvelli og heyrðum flugfreyjuna segja „velkomin heim“.

*Elísabet Jónsdóttir
og Bjarni Gíslason*



Heiðbjört, Gríma, Elísabet, Bjarni, Markús, Birkir, Hildur og Elías.



Vinir í Ómó Rate tóku á móti okkur með bros á vör.



Það var gaman að vera kominn til Addis Abeba, Gríma og Markús.



Við sáu flóðhesta eða allavega eyrun!

SYSTUR MÍNAR

Í ferð til Eþíópíu í byrjun árs kom ekki annað til greina hjá okkur hjónunum en að heimsækja vini okkar hjá samtökunum *My Sisters* (Systur mínar), í höfuðborginni Addis Abeba. Við drukkum te með stjórnum endum og hittum að máli nokkrar ungar konur sem voru í starfsþjálfun og að lokum var leikið við börn sem eru í dagvistun á vegum samtakanna.

Um nokkurra ára bil hefur Kristniboðssambandið styrkt starf *My Sisters* í gegnum verkefnið *Af götu í skóla*, en það miðar að því að aðstoða börn, sem eru á götunni eða í hættu á að lenda á götunni, til þess að ganga í skóla. Þannig styðja nú íslenskir kristniboðsvinir u.þ.b. 30 börn til betra lífs.

Megináhersla *My Sisters* var og er að aðstoða einstæðar mæður í erfiðleikum. Yfirgefnar mæður eða á flótta undan drykkju og ofbeldi eru líklegri en aðrir hópar í borgarsamfélaginu til þess að leiðast út í vændi með tilheyrandi misnotkun og óhamingju. *My Sisters* býður konum, sem svona er ástatt um,

aðstoð við að finna vinnu og bjóða upp á endurgjaldslausu barnagæslu á meðan þær eru í vinnu. Einnig býðst þeim, á vegum samtakanna, að læra einfalda iðn, fatasam, hárgreiðslu og fleira þviumlíkt sem auðveldar þeim að afla sér viðurværis.

Pótt heilsugæslustöðvum hafi fjölgað í borginni þá er enn mikil þörf, sérstaklega á meðal þeirra sem þarfnast meira en lágmarksaðhlyningar og hafa ekki efni á spítalavist. Það sem gert er á heilsugæslu *My Sisters* er að veita grunnþjónustu á staðnum, og ef hún dugir ekki að vísa viðkomandi á einhvern þeirra einkareknu spítala sem samtökin eru í samstarfi við. Allt eftir aðstæðum sjúklings greiða *My Sisters* svo megnið eða jafnvel allan spítalareikninginn.

Kristniboðið á hlutdeild að mörgum verkefnum, stórum og smáum, það starf sem *My Sisters* vinna er ósköp einfaldlega þess eðlis að ekki er hægt annað en hrífast og fyllast gleði yfir öllum þeim andlitum þar sem skína af þakklæti.

Þakklæti vegna þess að fólk eins og ég þú, fólk langt að, hefur með gjöfum sínum og fyrirbænum gert þessa kærleiksþjónustu mögulega. Við hjónin áttum góðan dag hjá *My Sisters* og fórum þaðan endurnærð. Guð blessi í Jesú nafni starfið og alla þá sem styðja það.

Kristján Þór Sverrisson



FRÉTTAMOLAR

VEL MÆTT Á AÐALFUND

Aðalfundur SÍK var haldinn 4. maí sl. en hann sóttu 50 manns og er það nokkuð betri mæting en verið hefur undanfarin ár. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf þar sem skýrslur voru fluttar og reikningar lagðir fram. Í stjórn voru kosin þau Kristján S. Sigurðsson og Ásta Bryndís Schram Reed og í varastjórn þeir Sveinn Jónsson og Willy Petersen.

Fyrir fundinum lágu lagabreytingartilögur sem sérstök nefnd hafði undirbúið að beiðni stjórnar. Voru allar breytingar samþykktar einróma. Meðal breytinga var að fella niður skyldugreiðslu aðildarfélaganna í sjóð SÍK og að fækka úr 7 í 5

mannastjórn á næstu tveimur árum. Lög SÍK með áorðnum breytingum eru aðgengileg á vefsíðunni, sik.is.

Nokkrar umræður urðu um starfið og framtíðina og vilji til að skoða hvað getum við gert betur og hvað öðru vísi til að ná markmiði SÍK, að mennta og senda út kristniboða og efla Guðs ríki hér á landi.

HAUSTIÐ UNDIRBÚIÐ - ÍSLENSKUKENNSLAN HEFST AFTUR Í HAUST

Starfsmenn SÍK vinna að því að undirbúa næstkomandi haust. Á dagskrá er að halda áfram með íslenskukennslu

fyrir útlendinga enda mæltist það starf mjög vel fyrir og góð þátttaka í vetur. Einnig vonumst við til að geta boðið þeim sem það vilja upp á þátttöku í Alfa-námskeiði á ensku. Þá er verið að skoða einhvers konar haustatak, samkomur eða helgarnámskeið. Einnig er ætlunin að heimsækja Akureyri og Húsavík og eins Fljótshálsbæ og Stykkishólm. Við reiknum áfram með kynningu á starfi SÍK meðal fermingarbarna, í starfi eldri borgara kirkjunnar og víðar, eins og verið hefur. Starfsemi Biblíuskólans hefur legið niðri á vörmisseri en einhver námskeið verða í boði í haust.

KIRSUBERJATRÉ OG NÝTT UPPHAF

Apríl markar upphaf á nýju skólaári í Japan. Nýir árgangar flykkjast með foreldrum sínum í skólana. Dóttur okkar þótti þetta mjög spennandi. Nú var hún loksins orðin nógu gömul til að byrja í alvöru skóla. Hún gat varla beðið eftir að byrja. Núna hittir hún nýju skólafélagana sem ganga saman í skólann. Apríl markar einnig upphaf á nýju fjárhagsári fyrirtækja. Nýútskrifaðir stúdentar og háskólanemar streyma út á vinnumarkaðinn. Oft sér maður hópa af snyrtilegum ungmennum í atvinnuleit. En þetta er einnig sá tími þegar kirsuberjatrén (sakura) standa í fullum blóma. Blóm kirsuberjatrjána eru þessvegna í hugum Japana tákn um nýtt upphaf. Allmenningsgarðar, þar sem kirsuberjatrén gróa, eru á þessum tíma yfirfullir af fólki í lautarferð undir bleikum blómum trjána.

Fyrr á tímum álitu Japanir að kirsubertrén væru heilög og að guðir hrísgrjónaakranna byggju í þeim. Samkvæmt þjóðsögunum var talið að þessir guðir kæmu niður úr fjöllum til að borða og drekka með mönnum þegar kirsuberjatrén voru í blóma. Þetta var sá tími sem fólk kom saman til að biðja fyrir uppskerunni. Á Heian tímabili (794-1185) byrjuðu aðalsmenn að fara í lautarferðir undir blómum trjána með vinum og vanda mönnum. Til að njóta matar og yrkja ljóð. Höfuðborgin á þessum tíma var Kyoto. Kínversk menningaráhrif voru mikil, svo sem búddismi og taoismi. Seinna, á Edo tímabilinu (1603-1868), voru fjölmörg kirsubertré gróðursett um allt Japan. Í dag eru þetta vinsælir staðir til að fara í lautarferð. En Japan hefur fleiri tegundir af kirsuberjatrjám en nokkurt annað land. Blómin eru notuð til að gera heitan drykk og blöð trjána eru notuð sem umbúðir fyrir sælgæti. Fréttamenn fylgjast með þessum hátíðarhöldum og flytja fréttir frá ólíkum stöðum eftir því sem trén blómstra, allt frá Kyushu í suðri til Hokkaido í norðri.

Kirsuberjatrén eru mikilvæg í japanskri menningu. Blóm trjána tákna við-

kvæmni og fegurð lífsins. Þau minna fólk á hversu lífið getur verið fallegt þrátt fyrir hversu stutt það er. Blómin standa stutt við og á nokkrum dögum eru þau horfin. Þá kemst maður ekki hjá því að minnast orða Jesaja spámanns:

*„Allt hold er gras
og allur yndisleikur þess sem blóm
vallarins.
Grasið visnar, blómin fölna
þegar Drottinn andar á þau.
Sannlega eru mennirnir gras.
Grasið visnar, blómin fölna
en orð Guðs vors varir að eilífu“*
(Jes. 40:6b-8).

Tíminn sem okkur er gefinn er stuttur í samanburði við eilífdina.

Apríl er einnig erilsamur tími í flestum söfnuðum í Japan. Ársfundir eru haldnir þar sem farið er yfir viðburði og verkefni liðins árs og áætlun gerð fyrir nýtt ár. Nú predika ég reglulega í guðsþjónustum og kenni í sunnudagaskólanum. Ég er einnig ábyrgur fyrir Biblíulestrum og litlum heimahóp sem hittist reglulega. Ánægjulegast er þó að taka þátt í unglingastarfinu, en föstudagsklúbbur unga fólksins hittist tvístar í mánuði. Þetta er góður hópur og hressir krakkar og gott tækifæri til að spjalla um lífið og tilveruna, Biblíuna og tilgang lífsins. Það er bæn mín að við getum náð til fleiri unglinga í nágrenninu. Við höfum einnig boðið upp á enskukennslu fyrir unglinga sem vakið hefur mikla athygli.

Söfnuðurinn var mjög spenntur fyrir beiðni um breytta skráningu safnaðarins sem lögð var fram að ársfundi Lúthersku kirkjunnar. En hver flokkun og skráning safnaða veltur á fjölda safnaðarmeðlima og fjárhag hvers safnaðar fyrir sig. Söfnuðurinn sem er um 13 ára gamall hefur hægt og bitandi stækkað. Sér Kanji, ég og einn af safnaðarmeðlimunum vorum kölluð upp á svið þegar að tillagan var samþykkt. Þetta var mjög hátíðleg stund



og við vorum beðin um að segja nokkur orð. Formsatriði og venjur eru mjög mikilvægur þáttur í japanskri menningu. Og það er mjög mikilvægt að segja viðeigandi orð. Oft hef ég ekki getað áttað mig á hvað passar hverju sinni, en hér í Japan eru þessi tækifæri kölluð „aisatsu“ (jap. kveðja, kurteisissfrasar). Stundum hef ég snúið mér að sessunaut mínum sem oftast en ekki er einnig útlendingur og beðið um góð ráð, bara til að átta mig á að viðkomandi er jafn glórulaus og ég. Oft hef ég áttað mig á því eftir á að kveðjan var kannski ekki alveg viðeigandi. En það er auðvelt að vera vitur eftir á og það er margt í framandi menningu sem áfram mun hulið launung. En þetta er hluti af því að veru útlendingur í framandi landi. Það er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt og uppgötva nýjar hliðar á menningu og heimsmynd Japana.

Sem dæmi þá tók ég fljótt eftir því að oft þegar að fólk fór heim að loknum vinnudegi eða yfirgaf herbergi þá notaði það ákveðna kveðju „shitsurei shimasu,“ (jap. Afsakið, að ég fer á undan). Og í lok funda sögð markir „otsukaresama desu“, sem hægt er að þýða sem: „Þú hefur unnið vel.“ En vinnusemi og að leggja hart að sér er í miklum metum í Japan. Þetta læra börn frá unga aldri – þeim er strax við leikskólaaldur kennt hvað á að segja við hvaða tækifæri og hvernig á að segja það en það getur einnig skipt máli. Nýlega fékk ég tækifæri til að heimsækja þekktan menntaskóla nálægt Osaka. Fyrrverandi skólastjóri fór með okkur um

skólann og kynnti okkur fyrir kennurum og nemendum. Hvar sem við komum stóðu nemendur upp, hneigðu sig og köstuðu á okkur kveðju enda leggur samfélagið mikla áherslu á að bera virðingu fyrir eldra fólki. Að sýna virðingu í orði og verki. Annað dæmi er þegar farið er inn á veitingastað eða í verslun, þá heilsa allir starfsmenn viðskiptavinum með orðunum „irasshaimase“ (jap. velkominn). En hér í Japan er viðskiptavini alltaf sýnd fyllsta kurteis. Starfsmenn eru til að þjóna viðskiptavinum og gera það mjög vel. Viðskiptavinurinn getur ávarpað starfsfólki með óformlegum hætti en starfsfólk

verður alltaf að nota kurteis form tungu-málsins með tilheyrandi hneigingum og beygingum.

Páll skrifaði í öðru bréfi sínu til Korintumanna: „Ef einhver er í Kristi er hann orðinn nýr maður, hið liðna varð að engu, nýtt er orðið til. Allt er frá Guði sem sætti mig við sig fyrir Krist og gaf mér þjónustu sáttargerðarinnar. Því að það var Guð sem í Kristi sætti heiminn við sig er hann tilreiknaði mönnum ekki afbrot þeirra og fól mér að boða orð sáttargjörðarinnar.

Ég er því erindreki Krists sem Guð notar til að hvetja ykkur. Ég bið í orðastað

Krists: Látið sættast við Guð. Guð dæmdi Krist, sem þekkti ekki synd, sekan í okkar stað til þess að hann gerði okkur réttlát í Guðs augum“ (2.Kór. 5:17-21).

Sem kristniboði í Japan er mikilvægt að læra tungumál og menningu Japans. Það er mikilvægt að skilja hvernig fólk hugsar og hvaða gildi eru í mikilvæg. Það er einnig mikilvægt að hafa góðan vitnisburð. Sem erindreki Krists þá skiptir öll hegðun og orð miklu máli. Það er mér mikil heiður að fá að starfa hér sem sendiboði Kristniboðssambandsins.

Leifur Sigurðsson

TRÚVÖRN

JANET SEWELL STARFAR HJÁ GRÍSKUM KRISTNIBOÐSSAMTÖKUM. HÚN SENDI BLAÐINU FRÉTTIR AF STARFI SÍNU.

Í sex ár hef ég haft þá sýn að hefja trúvarnarmiðað boðunarstarf á netinu. Á sínum tíma tók ég mér ársleyfi til að læra trúvörn við Oxford háskóla í Englandi. Við útskrift fannst mér ekki eftir neinu að biða og vildi hefjast handa en Guð sagði mér að hinkra. Í sex ár hef ég beðið fyrir þessu, rætt við fólk í kringum mig og vonað á Drottin. Loksins er þetta að verða að veruleika. Í ár hef ég haft tækifæri til þess að einbeita mér að trúvörn á margvíslegum vettvangi og fyrir það er ég afar þakklát.

Helst vantaði mig félaga með sömu sýn og ég. Einhvern sem ég gæti skipst á hugmyndum við. Einhvern sem deildi þeirri ástríðu sem ég hef fyrir málefniinu og væri reiðubúinn að skipuleggja uppbyggingu þess með mér. Þessi félagi er fundinn og nú stýttist í að vefsvæðið Morphosis opni. Morphosis er tvískipt orð úr grísku og merkir annarsvegar breytingu eða mótun og hinsvegar menntun. Saman væri það þá *mótandi menntun*. Hugmyndin er að byrja með haustinu á gerð stuttra myndbanda þar sem trúvörn er í forgrunni.

Kæru kristniboðsvinir, viljið þið biðja með okkur fyrir þessu verkefni og framgangi þess? Að Guð gefi okkur góðar hugmyndir og allt sem þarf til að framfylgja þeim.

Í febrúar bauð Derek Oulette mér að vera í hópi fyrirlesara á stórrí ráðstefnu þar sem kristilegt boðunarstarf á netinu var í brennidepli. Þetta var mér mikill heiður og ánægjulegt að geta komið hugmyndinni um Morphosis að.

Á vetrarmóti Salts, kristins samfélags, var trúvörn aðalumfjöllunarefnið. Ég var beðin að útvega ræðumenn og skipuleggja mótið. Það var mér mikil ánægja að geta aðstoðað vini mína í Salti sem hefur verið mér svo dýrmætt samfélag. Ég leitað til fyrrum samnemenda minna í Oxford og kunningja í YWAM (Ungu fólk með hlutverk) og til landsins kom að lokum fólk frá Englandi, Hawaii og Suður-Afríku. Sannarlega fjölbjóðlegur hópur! Auk trúvarnar voru tekin fyrir efni á borð við guðleysi, vísindi, illska og mismunandi heimssýn fólks. Við áttum í einu orði sagt yndislegt mót og samfélag.

Samhliða störfum mínum hjá Hellenic Ministries er ég nú virk í starfi samtaka sem bera heitið Imago Dei. Markmið þeirra er að skipuleggja viðburði og umræður á svæðum þar sem auðvelt er að ná til nýs fólks. Oftast höfum við verið

með viðburði á kaffihúsum í Exarchia hverfinu í Aþenu þar sem fjölmargir aðhyllast guðleysi og anarkisma. Þetta fólk er oft áhugasamt um heimspeki og rökræður um trúarbrögð. Þess vegna skipulögðu tveir menn frá Imago Dei kvöld á kaffihúsi þar sem þeir gerðu grein fyrir trúarstefnum í bók Dostojevskís *Fávitanum*, og svo urðu umræður. Einnig hefur á þessum kvöldum verið rætt um von og vonleysi, staðreyndir og vitleysi í bókum guðleysingjans Richard Dawkins sem nýtur mikillar aðdáunar fjölmargra yfirlýstra guðleysingja. Þessir viðburðir hafa verið vel sóttir og umræðurnar á eftir verið afar innihaldsríkar. Bæn okkar er að Orð Guðs hverfi ekki aftur fyrr en fólk opni hjarta sitt fyrir því.

Síðastliðið ár hefur verið mér afar viðburðaríkt og blessunaríkt. Ég bið spennt eftir þeim verkefnum sem Guð hefur undirbúið á sviði trúvarnar og Morphosis!



LJÓÐ OG MYRKUR!

Náttúran með plöntu- og dýralíf sitt hefur alltaf heillað mig. Kannski vegna þess að fjölbreytni lífsins og aðlögun þess að stæðum er mér sterkur vitnisburður um mátt Guðs og visku.

Nýlega sá ég heimildarmynd um dýr sem lifa í algjöru myrkri. Í hellum, djúpi hafsins eða neðanjarðar er fjöldi dýrategunda og sum þeirra, fiskar, froskdýr og skordýr, hafa misst augun þar sem þau eru þeim gagnslaus í myrkrinu.

Jesús segir: „Ég er ljós í heiminn komið, svo að enginn, sem á mig trúir, sé áfram í myrkri“ (Jóh. 12,46). Ennfremur vitnar hann: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins“ (Jóh. 8,12).

Í kærleika sínum sendi Guð faðir son sinn Jesús til að frelsa okkur mennina frá syndum okkar, vonleysi og dauða og gefa okkur nýja von (Jóh. 3,16). Jesús tók syndir okkar og sekt á sig og refsingu og reiði Guðs, sem við höfðum kallað yfir okkur með óhlýðni og sinnuleysi gagnvart vilja Guðs, bar hann með sér upp á krossinn (Jes. 53,4-5) – og dómnum var fullnægt.

En dauðinn gat ekki haldið Jesú því hann sjálfur var líka Guð! Sjá Lúk. 24,6.



Hann lifir og í dag kemur hann til okkar á ný, óþreytandi í því að lýsa mönnunum veginn út úr því myrkri sem umlykur mennina og gefa nýja og raunverulega von. Hann er ljós heimsins og hann lýsir inn í myrkur grafarinnar, hellisins eða ganganna, og segir: Hér er ljósið – og hér er vegurinn. Komdu út og fylgdu mér! Hann kemur jafnvel inn og ber þig út í sólskinuð – ef þú vilt!

Valið er okkar. Viljum við halda áfram að lifa í myrkrinu, sem við þekkjum svo vel, þar til við höfum misst alla sjón? Eða viljum við fylgja ljósgeislanum sem sker myrkrið – fylgja Ljósinu úr myrkrinu, í birtuna og sólina? Valið er mitt og þitt. Og hafi augun slokknað þá

er einmitt Jesús, sá sem hefur vald til að kveikja nýtt líf í þeim. „Ég, Drottinn, geri þig að sáttmála fyrir þjóðirnar og að ljósi fyrir lýðina til að opna hin blindu augu, leiða fanga úr varðhaldi og úr dýflissu þá sem í myrkri sitja“ (Jes. 42, 6-7).

Gakktu því í ljósi Guðs hvern dag lífsins. Láttu ljósið ávallt lýsa á þig svo synd og óhreinindi festist ekki við þig. Forðastu skuggana og dimmu skotin þangað sem ljósið nær ekki að skína. En fallir þú á leið þinni – láttu myrkrið ekki fá völdin en komdu með allt fram í ljósið. Þar er eilífa náð og fyrirgefningu að finna.

FHZ

FRÉTTAMOLAR

HAUSTMARKAÐUR

Ráðgert er að halda hinn árlega haustmarkað kristniðóðsins laugardaginn, 10. september. Ávextir, grænmeti, sultur, kökur og fleira matarkyns er vel þegið. Nánar auglýst er nær dregur.

SJÁLFBÓÐALIÐAR ÓSKAST

Í vetur hefur Kristniðóðssambandið boðið upp á ókeypis kennslu í íslensku. Á meðan á kennslunni stendur er boðið upp á barnapössun. Margir sjálfbóðaliðar hafa tekið þátt í bæði kennslunni og barnapössuninni. Næsta haust verður þörf á fleiri sjálfbóðaliðum og eru þeir sem hafa

lausa morgna hjartanlega velkomnir í hópinn. Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 5334900.

LÁTUM SKÓNA GANGA AFTUR

Skógámar Kristniðóðssambandsins eru á öllum Sorpustöðvum höfuðborgarsvæðisins og minnum við velunnara kristniðóðsins á að setja gömlu skóna sína í gámana.

UL Í NOREGI

Norska kristniðóðssambandið heldur árlegt sumarmót fyrir ungmenni sem kallast Ungdommens Landsmöte eða UL. Mótið

verður haldið 2.-6. ágúst í Randaberg, nálægt Stafangri. Í fyrrasumar fóru um 30 ungmenni frá Íslandi á mótið og gert er ráð fyrir að álíka margir fari í sumar. Áhugasamir geta fengið upplýsingar um mótið á heima

NÝ HEIMASÍÐA: FJALLID.IS

Þann 16. maí var heimasíðan fjallid.is opnuð. Síðan er einkum ætluð ungu fólki. Þar munu birtast áhugaverðar greinar um kristna trú. Hjónin Eveliina og Topias Meriö, sem verið hafa sjálfbóðaliðar hjá Kristniðóðssambandinu í vetur, unnu að undirbúningi síðunnar ásamt fleirum.

EPÍOPÍA Í FJÖGUR HUNDRUÐ ORÐUM OG SEX MYNDUM

Tveggja vikna kynnisferð á slóðir kristni-boðsins í Epíopíu skilur eftir sig aragrúa af minningum og myndum. Það var stórkostlegt að fá að kynnast landinu, þjóðinni og arfleifð kristni-boðsins í fylgd reyndra kristni-boða, Ingibjargar Ingvarsdóttur og Jónasar Þórissonar.

HVAÐ ER EFST Í HUGA EFTIR FERÐINA?

- Fórnfyssi og þolgæði kristni-boðanna okkar á áratugi?
- Þrumuveðrið mörg kvöld í röð?
- Vönduð vinna við þýðingu Biblíunnar á tungumál þjóðflokkanna?
- Rykið í Ómó Rate?
- Húsið sem Kristín og Felix bjuggu í og síðar varð fyrsta sjúkraskýlið í Konsó?
- Hitinn í Voító-dalnum?
- Dagrenning og útsýni yfir Addis Ababa skömmu eftir landingu á flugvellinum þar?
- Framtíðarvon skólabarnanna í Arba Minch?
- Mergð og fegurð stjarnanna á næturhimninum yfir Konsó?
- Níræði prédikarinn sem enn hleypur upp um fjöll og firnindi til að segja öðrum frá Jesú?

- Að bílstjórinn ók ekki niður eitt einasta dýr af öllum hjörðunum á vegunum?
- Dönsk gestrisni og þægilegt hitastig í Jinka?
- Viðvarandi þörf fyrir kristni-boða?
- Ágengni sölufólks og betlara?
- Öflugt starf kirkjunnar í Konsó?
- Erfið skilyrði og hörð lífsbarátta margra?
- Tilhugsunin um börn kristni-boðanna á heimavist í Addis Ababa, órafjarri starfsstöð foreldranna?
- Fuglar, apakettir og flóðhestur í Awasa?
- Allar konurnar með stóru vatnsbrúsana?
- Tryggð fyrrum kristni-boða sem búa í landinu hluta ársins og vinna þar enn mikilvægt starf?
- Hvellirnir frá púðurskotum hermannanna í Konsó?
- Forvitni barnanna í Ómó Rate?
- Gleði og nægjusemi fólksins?

HVAÐ SÁUM VIÐ?

Við sáum mörg forvitin andlit, ekki síst barnanna. Þeim þótti merkilegt að sjá svona hörundsfölar manneskjur, eins og okkur.

Við sáum vonina sem kristnin hefur fært svo mörgum. Vissan um velþóknun Guðs og eilíft líf er hvati til að vinna að betra lífi.

Við sáum fjölmörg systkini sem við þekktum ekki. Í þessu fjarlæga landi eru systur okkar og bræður sem við eigum að láta okkur annt um, biðja fyrir og liðsinna.

Við sáum ýmis tækifæri til að halda áfram, gera betur, ná til fleiri.

Við sáum augljósa þörf fyrir kristni-boða, bæði í beinu kristni-boði, ráðgjöf og fræðslu. Hver vill fara?

MUNUM EFTIR KONSÓ!

Forysta kirkjunnar í Konsó leggur mikið upp úr því að rækja og rækta tengslin við Ísland sem ná alveg aftur til þess þegar Felix og Kristín komu þangað fyrir miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Þau kristnu í Konsó þurfa enn á okkur að halda en það er líka mikil blessun og hrein forréttindi að liðsinna þeim, sjá ávöxt starfsins og finna glóðina, brennandi þrá þeirra að útbreiða kærleika Krists.

Ólafur Jóhannsson og Þóra Harðardóttir



STUTTAR FRÉTTIR

HARKALEGUR NIÐURSKURÐUR Á FRAMLÖGUM ÚR KIRKJUMÁLASJÓÐI

SÍK hefur í marga áratugi notið framlaga úr sjóðum þjóðkirkjunnar enda ekkert annað beint kristniðóðsstarf á vegum hennar en það starf sem SÍK stendur fyrir. Undanfarin ár hefur SÍK hlotið tveggja milljón króna styrk en svo bar við að hann lækkaði um 40%, niður í 1,2 milljónir í ár. Kom þetta stjórn SÍK á óvart enda engin skýring á þessari breyttu stefnu. Sorglegt er að upplifa að forsvarsfólk kirkjunnar telji kristniðóð skipta litlu máli fyrir kirkjuna eða komi henni lítið við og sendi þau skilaboð með þessum hætti. Skýtur það skökku við þá staðreynd að vöxtur íslensku kirkjunnar undanfarna áratugi hefur verið á starfssvæði kristniðóðsins, einkum í Konsó í Eþíópíu og Pókothéraði í Keníu þar sem systurkirkjurnar telja um 60 þúsund í fyrri tilvikinu og um 20 þúsund í því síðara. Þar að auki samþykkti kirkjuping stefnu um kristniðóð fyrir fimm árum þar sem lögð var áhersla á vaxandi þátt kristniðóðsins í starfi kirkjunnar. Vonandi sjá menn að sér þegar farið verður að huga að fjárveitingum fyrir árið 2017. Því skal einnig bætt við að víðar í kirkjunni hefur þróunin verið öfug. Á liðnu ári hækkaði Reykjavíkurbíofastsdæmi eystra framlag sitt til SÍK úr 500 í 550 þúsund. Hallgrímskirkja styrkti starfið um 775 þúsund. Ýmsar aðrar sóknir styrktu starfið í fyrri. Má þar nefna Grensáskirkju, Breiðholtskirkju (m.a. samskot úr Tómasarmessum), Landakirkju, Fella- og Hóla kirkju, Dómkirkjuna sem styrkti systursókn sína í Pókot, Húsavíkirkirkju, Akureyrarkirkju, Bústaðasókn, Árbæjar- kirkju, Grafarvogskirkju, Seljakirkju, Háteigskirkju, Áskirkju, Víðimýrarkirkju og fleiri. Heildarframlag kirkjumálasjóðs, prófastsdæma og sókna var samtals um 4 milljónir. Stjórn SÍK þakkar allar þessar gjafir, framlög og stuðning til starfsins og gleðst yfir stuðningi grasrótarinnar við kristniðóðið.



HVERT STEFNIR SÍK?

Mikilvægt er að huga að og horfa til framtíðar, hvort sem um er að ræða okkur sjálf og eigið líf eða fyrir samtök eins og Kristniðóðssambandið. Það hvernig framtíð við sjáum fyrir okkur og stefnum að hefur margvísleg áhrif þó svo við ráðum aldrei framvindunni nema að sumu leyti sjálf.

Á aðalfundi SÍK var hvatt til þess að huga vel að stefnumörkun framtíðar í ljósi þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á liðnum árum. Ljóst er að full þörf er á að virkja yngra fólk í starfið með þeim hætti sem hentar því. Eins þarf að skoða hvernig unnt er að sinna starfinu þegar erfiðara er að fá kristniðóða til starfa og erfitt að vera með börn á ákveðnum aldri við störf á kristniðóðsakinum með tilliti til námstækifæra þeirra. Almenn talað var blómaskeið kristniðóða frá Vesturlöndum á 9. áratug síðustu aldar. Síðan þá hefur þeim fækkað en á sama tíma fjölgað hæfu og þjálfuðu fólk í kristniðóðslöndunum. Þess vegna hefur verið um það talað að horfa í vaxandi mæli til þess hóps enda þess að vænta að starfið verði árangur- ríkara og ódýrara með heimamenn sem til þess hafa forsendur og þekkingu. Má í því sambandi nefna að SÍK greiðir laun, ferðir og annan kostnað við útbreiðslu- starf kirkjunnar í norðvesturhluta Keníu (Pókot og nærliggjandi héruð) og í Voító í Eþíópíu. Þar má því segja að á ferðinni séu fulltrúar SÍK þó svo ekki séu fastir kristniðóðar við störf á svæðinu.

Framtíð SÍK mótast einnig af því hvort samtökin eru trú tilgangi sínu, markmiði

og grundvelli, þ.e. að halda sig við boðskap Biblíunnar og halda honum á lofti, m.ö.o. að vera boðandi. Það er kjölfesta starfsins. Kærleikspjónusta og þróunar- samvinna er eðlilegur hluti starfsins og þjónustunnar á vettvangi. Gott er að aðgreina það starf frá boðuninni því það er ekki stefna SÍK að nota kærleiksverkin til boðunar, mismuna fólki eða beita það valdi, enda væri þá ekki lengur um skil- yrðislaus kærleiksverk að ræða. Trúlega er full ástæða til að halda á lofti öllu því góða sem boðun fagnaðarerindisins hefur komið til leiðar. Í trúnni hefur fólk eignast nýja og sterkari sjálfsmynd, fengið kraft til að vinna gegn barnaútburði og umskurði kvenna, svo eitthvað sé nefnt, og löngun til að búa börnum sínum góða framtíð með menntun.

Vorið er komið og sumarið að ganga í garð. Allt er að grænka. Þannig á starf Kristniðóðssambandsins að vera á öllum tímum, heiman jafnt sem heima: Að ein- kennast af vexti og nýir sprotar að vaxa fram hér og þar. Græni liturinn er litur vaxtar og er okkur áminning um þann andlega veruleika sem við þráum að sjá. Rauði liturinn (sem er liturinn á merki SÍK) er síðan litur andans og kristniðóðs- ins. Þessir tveir litir geta verið áminning eða hvatning um að bjóða anda Guðs velkominn til starfa á meðal okkar, í lífi okkar og þjónustu, svo að unnið sé að vexti Guðs ríki hérlandis sem erlendis, með því að bera Jesú Kristi vitni og boða fagnaðarerindið um hann.

RG



ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
B. Ingvarsson ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Brauðhúsið ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Fastus ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Fold-fasteignasala ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Gullkistan skrautgripaverslun-www.
thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Halli Gullsmiður
Hamborgarabúlla Tómasar
- Við erum öll jöfn
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel
Höfðakaffi ehf
Innnes ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kjörgarður
Kórall sf
Kvika ehf
Löndun ehf
Mannréttindaskrifstofa Íslands
Nýi ökuskólinn ehf
Orka ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Pósturinn
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Timberland
Tónskóli þjóðkirkjunnar -
Grensáskirkju
Tróbeco ehf
Utanríkisráðuneytið
Varma & Vélaverk ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Rangá
VSÓ Ráðgjöf ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Ögurvík hf

Kópavogur

ABC-Barnahjálp
Íslenskt marfang ehf
Rafmiðlun hf
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar
Vidd ehf, flisaverslun
Öryggismiðstöðin

Garðabær

Árvík hf
Fagval ehf
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Íslandsfundir ehf
Samhentir

Hafnarfjörður

Donna ehf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Útvík hf
Verkálýðsfélagið Hlíf
Viðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Hópsnes ehf
Marver ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes

Spólur ehf-Hvalfjarðargöng
Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Skorradalshreppur
Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði
Vélaverkstæðið Vogalæk

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Filadelfía
Stykkishólmi

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Glaður ehf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Blönduós

Húnavatnshreppur

Skagatrönd

Skagabyggð

Sauðárkrókur

Vörumiðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkaflöt-www.
Riverafting.is

Siglufjörður

Fjallabyggð

Akureyri

Grófargil ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Egilsstaðir

Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Miðás ehf

Reyðarfjörður

Launafi ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Skinney-Pinganes hf
Uggi SF-47

Selfoss

Bókaútgáfan Björk
Flóahreppur
Set ehf, röraverksmiðja

Hveragerði

Dvalarheimilið Ás
Heilsustofnun NLFÍ-www.
heilsustofnun.is

Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Bergur VE44
Miðstöðin ehf
Ós ehf

STUTTAR FRÉTTIR

KAFFISALA 1. MAÍ

Hin árlega kaffisala Kristniboðsfélags kvenna 1. maí gekk mjög vel. Konunum og gestum eru færðar þakkir fyrir þátttökuna. Ágóðinn, rúmar 600 þúsund, rennur til kristniboðsins.

FRÍMERKI OG MYNT

Sala á frímerkjum og mynt gáfu kristniboðinu fjórar milljónir króna á síðasta ári. Tekið er við umslögum, frímerkjum og mynt í Basarnum í Austurveri, á skrifstofu SÍK og í Litla húsinu á Akureyri.

BASARINN - ÓDÝRAR ÞÆKUR Í SUMARFRÍÐ

Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurveri, Háaleitisbraut 68 í Reykjavík. Nýjar vörur bætast við á hverjum degi, s.s. bækur, föt og skrautmunir. Það er sjálfsagt hvergi hægt að fá jafn ódýrt lesefni fyrir sumarfríð og í Basarnum. Þar er gott úrval af kiljum á íslensku og ensku svo og innbundnum skáldsögum og ævisögum.

Ef þú ert að taka til þætti okkur vænt um að þú myndir eftir Basarnum. Gott væri að fá skrautmuni og eldhúsdót, en það stoppar yfirleitt stutt við í búðinni.

Kærar þakkar til allra sem gefa trúfastlega á markaðinn, einnig þeim mörgu sem eru sjálfbóðaliðar. Fleiri sjálfbóðaliðar eru velkomnir í hópinn því nóg er að gera. Basarinn er opinn mánudaga til föstudaga kl. 11-18. Á þeim tíma er líka tekið við vörum. Hægt er að hafa samband í síma 5626700.

GJAFAKORT KRISTNIBOÐSSAMBANDSINS

Kristniboðssambandið gefur út gjafakort sem hægt er að kaupa til að gefa við hin ýmsu tækifæri. Með kaupum á kortunum er verið að styrkja ákveðinn hluta kristniboðsstarfsins s.s. laun prédikara, lestrarkennslu, fátæk börn, íþróttastarf, útvarps- og sjónvarpskristniboð, byggingu skóla, sjúkrahúss eða kirkju og fleira. Kortin eru litrík og falleg og á þeim stendur hvaða málefni er styrkt. Hvetjum við kristniboðsvini til að kaupa kortin þegar þeir ætla að gleðja vini og vandamenn. Þau eru nýjung í fjáröflun félagsins.

SAMKOMUR ALLA MIÐVIKUDAGA Í SUMAR

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Samkomurnar eru auglýstar í félagslífi Morgunblaðsins, á fésbókarsíðu SÍK og heimasíðu Kristniboðssambandsins.

KRISTNIBOÐSMÓT Á LÖNGUMÝRI Í SKAGAFIRÐI 15.-17. JÚLÍ 2015

Sumarmót Kristniboðssambandsins að Löngumýri í Skagafirði verður haldið helgina 15.-17. júlí. Fjölbreytt dagskrá verður alla helgina. Lögð verður áhersla á gott og uppbyggilegt samfélag um Guðs orð og kristniboð.

Frekari upplýsingar um mótið fást á skrifstofu Kristniboðssambandsins, Háaleitisbraut 58-60, sími 533 4900, en skráning fer fram á Löngumýri í síma 453 8116.

HLAUGHTU TIL GÓÐS

Reykjavíkumaraþon – Hlaupum til styrktar kristniboðinu

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka 2016 fer fram laugardaginn 20. ágúst. Kristniboðssambandið er eitt af þeim góðgerðarfélögum sem hlaupa má fyrir og heita á í maraþoninu. Í fyrra söfnuðu hlauparar tæpum 200 þúsundum krónum til Kristniboðssambandsins. Skráning í maraþonið er hafin. Þátttökugjald hækkar eftir því sem nær dregur hlaupi og því um að gera að skrá sig sem fyrst. Þátttakendur geta valið á milli sex vegalengda þ.e. maraþon (42,2 km), hálfmaraþon (21,1 km), boðhlaup (2-4 saman í liði hlaupa samtals 42,2 km), 10 km hlaup, 3 km skemmtiskokk og krakkahlaup. Skráning í Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fer fram á síðunni marathon.is. Hlauparar eru hvattir til að skrá Kristniboðssambandið sem sitt góðgerðarfélag. Mikilvægt er að hlauparar hvetji ættingja og vini að heita á sig í hlaupinu. Kristniboðssambandið hvetur lesendur Kristniboðsfrétta til að heita á hlaupara sem valið hafa að hlaupa til góðs fyrir Kristniboðssambandið.

